



Lista- og menningarráð

Kópavogi, 30. september 2024
24052301/005.05 PM

Efni: Svarbréf vegna beiðni Árna Péturs Árnasonar um minnisblað frá innkaupadeild um þjónustukaup á Menningardeild og menningarstofnunum vegna breytinga.

Í erindi dags. 17. maí 2024 óskaði áheyrnarfulltrúi í Lista- og menningarráði eftir minnisblaði frá innkaupadeild um „*hvort þjónustukaup á menningardeild og menningarstofnunum vegna breytinga á deildinni og stofnunum, og framkvæmda sem af hlutust, árin 2023 og 2024 samræmist innkaupastefnu bæjarins.*“

Undirritaður áréttar að eftirlit með innkaupum og rekstri stofnana bæjarins er hlutverk bæjarráðs en ekki Lista- og menningarráðs. Hafi fulltrúi í lista- og menningarráði áhyggjur af því að stofnanir bæjarins séu ekki að fara eftir gildandi stefnu eða samþykktum, er rétt að sá fulltrúi snúi sér til síns fulltrúa í bæjarráði til þess að kalla eftir slíkum skýringum.

Virðingarfyllst,

Pálmi Þór Másson
Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

